

Nd.

614. Frumvarp til lánsfjárlaga

[180. mál]

fyrir árið 1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 409 með þessum breytingum.

3. gr. hljóðar svo:

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1979 hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tíma-
setningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár
svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

18. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði a- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum staflíðum ekki fara fram úr 6 986 450 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð. Þá skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 eigi fara fram úr 63 750 þús. kr. á árinu 1980.

28. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrir-
tækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 612 millj. kr. á árinu 1980.

29. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.